

Alþingi
Erindi nr. þ 139/1624
komudagur 9.3.2011

Heilbrigðisnefnd Alþingis

4. mars 2011


Efni: Fyrirhuguð sameining Landlæknisembættis og Lýðheilsustöðvar.


Vegna fyrirhugaðrar sameiningar Landlæknisembættis og Lýðheilsustöðvar (pskj. 207 -190 mál) viljum við undirritaðir trúnaðarmenn hjá Landlæknisembættinu koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við heilbrigðisnefnd.


Við gagnrýnum að þegar sé farið að vinna eftir lagafrumvarpi sem enn hefur ekki tekið gildi sem lög frá Alþingi. Er þar sérstaklega átt við það að stöðum sviðsstjóra hjá fyrirhugaðri sameinaðri stofnun skuli hafa verið úthlutað, án þess að starfslýsingar lægju fyrir og án auglýsinga.

Starfsmönnum beggja stofnana hefur verið tilkynnt að þeir muni verða ráðnir aftur hjá nýrri stofnun. Því ber að fagna. Hins vegar skorum við á heilbrigðisnefnd að ganga svo frá 10. grein hins nýja frumvarps að stöður yfirmanna hjá hinnar nýju stofnun verði auglýstar, í það minnsta innan þeirra stofnana sem sameina skal. Þá þurfa starfslýsingar að liggja fyrir. Tryggja verður að ráðningarferlið lúti góðum stjórnarháttum og að jafnræðis verði gætt. Æskilegt er að óháður aðili, t.d. viðurkennt ráðningarfyrirtæki, meti umsóknir. Á sama hátt ber að gæta þess að rétt verði staðið að ráðningum annarra starfsmanna.

Í ljósi umræðna á Alþingi skal tekið fram að tillagan um sameiningu þessara tveggja stofnana er ekki fram komin vegna óska starfsmanna þeirra. Ef af sameiningunni verður munu starfsmenn vissulega leggja sig fram um að uppfylla þær væntingar sem gerðar verða til hinnar nýju stofnunar. Í því sambandi er mikilvægt að rétt verði að sameiningunni staðið.


Svanhildur Þorsteinsdóttir
Trúnaðarmaður Félags ísl. náttúrufræðinga


Þorbjörg Guðmundsdóttir
Trúnaðarmaður Félags ísl. hjúkrunarfræðinga


Gerður Helgadóttir
Trúnaðarmaður SFR

Afrit:

Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra
Geir Gunnlaugsson, landlæknir
Margét Björnsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag íslenskra náttúrufræðinga
SFR